

Fimmtudaginn 31. janúar 1991.

Nr. 263/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Arnbirni Helga Sævarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Hegningarauki. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Mál þetta var einnig höfðað gegn sjö öðrum mönnum, þar á meðal B, E og F. Allir þessir sjö undu héraðsdómi.

I.

Sannað er, að hinn 29. ágúst 1989 fór ákærði ásamt áðurgreindum þremur mönnum að versluninni Hveragarði hf. í Hveragerði í því skyni að brjótast þar inn. Fór ákærði með B og F upp á þak verslunarinnar og hjálpaði þeim við að brjótast inn í hana, en beið þeirra síðan í bifreið sinni með E. Ljóst er af framburði B og F, að þeir tóku peninga greint sinn úr peningatösku í bensínafgreiðslu verslunarinnar. Taldi hinn fyrrnefndi, að það hefðu verið 60.000 krónur, en hinn síðarnefndi, að það hefðu verið 40.000 krónur. Þá töldu þeir, að skiptimynt, er þeir tóku úr afgreiðslukössum, hefði numið um 3.000 krónum. Í fyrstu skýrslu lögreglunnar í Árnassýslu um innbrotið 29. ágúst 1989 var haft eftir talsmanni verslunarinnar, að úr afgreiðslukössum hefðu horfið samtals 2.600 krónur. Taldi hann þá, að ekki hefði verið um frekari peningaþjófnað að ræða. Í bótakröfu, er hann lagði fram 10. nóvember 1989, gerði hann hins vegar kröfu um 50.000 krónur, sem horfið hefðu úr bensínafgreiðslu, og 4.000 krónur, sem teknar hefðu verið í smámynt úr búðarkössum.

Virðist ákæran í málinu á þessu byggð. Ekki fór fram frekari

rannsókn eða sampröfun varðandi þetta, og þykir því ekki fullsannað, að fjárhæð sú, sem stolið var greint sinn, hafi verið hærri en 42.600 krónur. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um atferli ákærða og heimfærslu þess til refsí-ákvæða.

Fram kom við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að hinn 22. mars 1990 var ákærði dæmdur í sakadómi Vestmannaeyja til að sæta fangelsi í tvo mánuði og ökuleyfissviptingu í þrjú ár. Sakfelld var fyrir tvö ölvunarakstursbrot á árunum 1988 og 1989 og fyrir fjársvik vegna notkunar tveggja innstæðulausra tékka í júní 1989. Héraðsdómara virðist ekki hafa verið kunnugt um þennan dóm við uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Ber að dæma ákærða hegningarauka við dóminn frá 22. mars 1990, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. þeirra laga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

II.

Verjandi ákærða krefst þess, að bótakröfu verslunarinnar Hveragarðs hf. í Hveragerði, samtals að fjárhæð 66.257 krónur, verði vísað frá dómi vegna vanreifunar. Bótakrafan var sett fram í bréfi verslunarinnar 10. nóvember 1989 og var sundurliðuð svo:

„1. Peningar sem stolið var úr bensínafgreiðslu	kr. 50.000
2. Smámynt sem stolið var úr búðarkössum	kr. 4.000
3. Gler og annað efni til viðgerðar	kr. 3.500
4. Vinna við viðgerðir 9 klst. á kr. 973.-	kr. 8.757

Krafa kr. 66.257⁴⁴

Þegar ákærði kom fyrir dóm 8. maí 1990, var honum kynnt bótakrafa þessi og bókað eftir honum, að hann samþykkti að greiða fjórðung hennar.

Enda þótt kröfuliðir 1 og 2 í bréfi Hveragarðs hf. séu ekki í fullu samræmi við önnur gögn og framburð, eins og rakið var undir I hér að framan, þykja ekki efni vera til að vísa þessum kröfuliðum frá dómi. Í samræmi við það, sem áður er sagt, verður kröfuliður 1 tekinn til greina með 40.000 krónum og kröfuliður 2 með 2.600 krónum. Kröfuliðir 3 og 4 styðjast við reikning fyrir efni og viðgerðarvinnu vegna innbrottsins. Þykir þeim í hóf stillt. Ákærði ber óskipt bótaábyrgð vegna alls tjóns, sem af innbrotinu hlaut. Verður hann því dæmdur til að greiða Hveragarði hf. samtals

krónur 54.857 (40.000 + 2.600 + 3.500 + 8.757) með vöxtum eins og í héraðsdómi greinir, enda hefur þeim ekki verið mótmælt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ákærða. Jafnframt verður hann dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnbjörn Helgi Sævarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði versluninni Hveragarði hf. 54.857 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ákærða er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 21. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 270-77/1990: Akærvaldið gegn A, Arnbirni Helga Sævarssyni, B, C, D, E, F og G, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. apríl 1990, á hendur A [...], Arnbirni Helga Sævarssyni, Bergstaðastræti 71, Reykjavík, fæddum 24. febrúar 1964, fæðingarnúmer 323, B [...], C [...], D [...], E [...], F [...] og G [...], „fyrir eftirgreind brot, framin á árinu 1989, nema annars sé getið:

— — —

III.

Gegn ákærðu Arnbirni Helga, B, E og F fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 29. ágúst brotist inn í verslunina Hveragarð hf., Hveramörk 21, Hvergagerði, og stolið kr. 54.000 í peningum og einhverju af vindingum. (RLR-mál 4091/89.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Málavextir.

Með skýrslum ákærðu og öðrum gögnum málsins telst eftirfarandi vera sannað í málinu:

— — —

III. Ákærðu Arnbjörn Helgi, B, E og F.

Ákærðu sammæltust um að brjótast inn í verslunina Hveragarð hf., sem áður greinir. Ók ákærði E þeim á vettvang og beið í bifreiðinni, meðan hinir brutu upp þakglugga. Fóru þeir B og F inn og stálu því, sem í fyrri ákærinni greinir. Teljast ákærðu allir hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Að kröfu verslunarinnar ber að dæma ákærðu til þess að greiða versluninni kr. 66.257 ásamt almennum innlánsvöxtum frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags.

— — —

Ákærði Arnbjörn Helgi hefur til þessa verið dæmdur sex sinnum fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, síðast 3. febrúar 1988 í 10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og ölvun við akstur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

— — —

Ákærðu greiði sakarkostnað sem hér segir:

Ákærðu B og F óskipt að $\frac{2}{3}$ hlutum og aðrir ákærðu að $\frac{1}{3}$ hluta.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði Arnbjörn Helgi Sævarsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

— — —

Ákærðu Arnbjörn Helgi, B, E og F greiði verslunini Hveragarði 66.257 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum frá 10. nóvember 1989.

— — —

Ákærðu greiði sakarkostnað sem hér segir:

Ákærðu B og F óskipt að $\frac{2}{3}$ hlutum, en aðrir ákærðu óskipt að $\frac{1}{3}$ hluta.
